



## Fundargerð stjórnar

18. fundur

Fimmtudaginn 4. júní 2009 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar og hófst fundur kl 9.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Magnús B. Jónsson.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

### 1. Breyting á stjórnamönnum verkaskipting stjórnar.

Gunnar Bragi Sveinsson hefur hætt störfum í stjórn Norðurá bs. og hefur Sveitarfélagið Skagafjörður skipað Einar E. Einarsson í hans stað í stjórnina. Samþykkt að Magnús verði stjórnarformaður og Einar taki að sér starf ritara stjórnar.

### 2. Boðun eigendafundar Norðurá bs. og dagskrá fundarins.

Fyrir var tekið hvernig og hvenær boðað skuli til fundar fulltrúa aðildarsveitarfélaga Norðurá bs. til að taka afstöðu til verkefnisins „urðunarstaður við Sölvabakka“. Samþykkt að eigendafundur Norðurá bs. verði haldinn að Hótel Varmahlíð mánudaginn 15. júní 2009 kl 13.00. Á fundinn verði boðaðir sveitarstjórnarmenn í Skagafirði og Austur Húnavatnssýslu. Dagskrá fundarins var ákveðin:

1. Fundarsetning og starfsmenn fundar skipaðir.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2008
4. Kynning á stöðu og framkvæmd vegna urðunarstaðar.
5. Samantekt og umræður.
6. Önnur mál

Fyrir eigendafundinn verða eftirfarandi gögn lögð fram til umræðu og kynningar.

- a) Kynningarefni Gunnars Svavarsson, byggingar og umhverfisverkfræðings á Efla, verkfræðistofu.
- b) Drög að Frummatsskýrslu, Sölvabakki Blönduósbæ – urðunarstaður og efnistaka.
- c) Leigusamningur um urðun sorps í landi Sölvabakka við Blönduós.

### 3. Tillaga stjórnar til eigenda.

Samþykkt að senda svohljóðandi bókun til aðildarsveitarfélaga Norðurá bs. sem verði tekin til umfjöllunar á fundi Norðurá bs.:

*Aðildarsveitarfélög Norðurá bs. samþykkja að ráðist verði í gerð urðunarstaðar að Sölvabakka á forsendum þeirra gagna sem lögð eru fram á eigendafundi Norðurá bs. 15. júní 2009. Jafnframt samþykkja sveitarfélögin að ábyrgjast þær lántökur sem þarf að afla vegna stofnkostnaðar við gerð urðunarstaðarins. Með samþykkt um að ráðast verði í verkefnið staðfestist leigusamningur um land til urðunar að Sölvabakka sem ein af forsendum þess.*



**Norðurá bs**

**Byggðasamlag um sorpeyðingu  
á Norðurlandi vestra.**

---

Gert er ráð fyrir að tillaga um verkefnið verði tekin fyrir í hverri sveitarstjórn og ákvörðun hennar bókuð formlega eftir eigendafund þar sem kynning á verkefninu fer fram.

**4. Kynningarefni frá Efla verkfræðistofu.**

Stjórnarmenn yfirfóru fyrirbyggjandi drög að kynningarefni og gerðu nokkrar athugasemdir sem komið var á framfæri við Gunnar Svavarsson verkfræðing sem unnið hefur að málinu. Ákveðið að Gunnar hafið kynningu á boðuðum eigendafundi.

**5. Frummatsskýrsla fyrir Sölvabakka.**

Drög að frummatsskýrslu lögð fram til kynningar. Stjórnarmenn fengu frest til 5. júní til að koma ábendingum eða athugasemdum til Gunnars Svavarssonar verkfræðings vegna skýrslunnar. Ákveðið að senda skýrsluna til aðildarsveitarfélaga fyrir eigendafundinn að fengnum athugasemdum.

**6. Önnur mál.**

Ekki voru mál undir þessum dagskrárlið

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 12.15

---

Einar E. Einarsson

---

Magnús B. Jónsson

---

Vignir Kjartansson

---

**Norðurá bs.**

Skagfirðingabraut 17-21  
550 Sauðárkrókur